

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% við- 14
 auka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo 16. marz
 og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með
 skipun, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

15

16. marz

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til
 eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árun-
 um 1949 og 1950.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

16

16. marz

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr staf-
 liður, svo hljóðandi:

- 16 e. **Eignaauki**, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglu-
16. marz legs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt
að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni
samkv. e-lið 7. greinar. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

2. gr.

Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. greinar, ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

17

22. marz

L Ö G

um bæjarstjórn í Keflavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Keflavíkurkaupþún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Keflavíkurhrepp og heitir Keflavíkurkaupstaður. Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Keflavíkurhreyppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landsvæði allt innan núverandi takmarka Keflavíkurhreypps.

4. gr.

Bæjarfógetinn í Keflavík tekur laun eftir VI. flokki launalaganna, nr. 60/1945. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er